



Borgarráð

Lífsgæðakjarnar fyrir eldri borgara - Húsnæðisáætlun - tillaga um samningaviðræður

Lagt er til að borgarráð feli skrifstofu borgarstjóra og borgarritara að hefja viðræður við eftirfarandi fimm aðila vegna hugmynda um þróun Lífsgæðakjarna á lóðum þeirra í samræmi við samningsmarkmið borgarinnar:

Reitir – vegna Loftleiðareits,

Köllunarklettur – vegna Köllunarkletts,

Íþaka – vegna Stórhöfða,

Þorpið – vegna Ártúnshöfða 2,

Klasi hf – vegna Ártúnshöfða 1, norður Mjódd og Álfheima.

Samráð verði haft við umhverfis- og skipulagsráð varðandi skipulagsþátt málsins og heilbrigðisráðuneytið varðandi hugsanlega staðsetningu hjúkrunarheimila á viðkomandi reitum.

Niðurstöður viðræðna verða lagðar fyrir borgarráð til samþykktar.

Greinagerð

Þann 24. apríl 2023 samþykkti borgarráð að fela skrifstofu borgarstjóra og borgarritara að auglýsa eftir samstarfsaðilum og hugmyndum vegna þróunar lífsgæðakjarna fyrir eldri borgara í Reykjavík.

Með lífsgæðakjarna er átt við húsnæðisuppbýggingu fyrir aldraða sem er með fjölbreytt framboð af þjónustu í nærumhverfinu. Niðurstöður auglýsingarinnar verða nýttar við að móta umgjörð um auglýsingu á lóðum borgarinnar undir slík verkefni. Ef aðilar svara auglýsingunni með hugmyndir um þróun á eigin lóðum þá verður einnig hægt að hefja viðræður við þá sem verða lagðar fyrir borgarráð.

Auglýsingin birtist í apríl og var gefin frestur til þess að senda inn erindi til 30 maí.

Margir aðilar sendu inn hugmyndir og er verið að vinna nánar í að greina þær í verkefninu og verður niðurstaða þeirrar vinnu útfærsla á auglýsingu eftir samstarfsaðilum um þróun lífsgæðakjarna á lóðum borgarinnar.



Reykjavíkurborg

Nokkrir aðilar sendu inn hugmyndir að þróun á eigin lóðum og voru þær metnar út frá nokkrum þáttum varðandi skipulag, gæði og samgöngur. Flestir reitirnir fengu góða einkunn að undanskildum Örfirisey sem er staðsett á hafnarsvæði í aðalskipulagi og kemur því ekki til greina í dag. Aðrir reitir voru með einkunnina 6 eða hærra.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt: Gæðamat reita sem lóðarhafar lögðu til undir lífsgæðakjarna



Hjálagt: Gæðamat reita sem lagðir voru fram sem hugmynd að Lífsgæðakjörnum:

Gæðamat

	Skipulagsleg áhættu/tækifæri	Samfélagsleg áhættu/tækifæri	Samgöngugæði	Samfélagsleg gæði	Ástand veitna	Jarðtæknilegar aðstæður	Mat á kostnaði og tekjum út frá magni uppbyggingar	Einkunn
Köllunarklettur	4,30	10,00	5,00	5,00	5,50	5,50	7,22	6,07
Örfirisey	2,40	10,00	4,00	5,00	5,00	2,50	6,02	4,99
Laugarás - Skjól	6,60	10,00	5,00	0,00	5,25	10,00	5,42	6,04
Ellilárvogur/Ártúnshöfði (Svæði 1)	4,30	10,00	10,00	5,00	8,75	6,50	5,42	7,14
Stórhöfði	6,60	10,00	5,00	0,00	8,00	7,00	7,82	6,35
Bræðraborgarstígur 1-3	5,20	10,00	5,00	5,00	7,50	10,00	5,42	6,87
Mjódd	4,30	10,00	10,00	10,00	3,75	4,00	2,53	6,37
Skeifan / Álfheimar 49	2,90	10,00	10,00	10,00	5,25	3,00	1,88	6,15